

Fimmtudaginn 21. október 1999.

Nr. 7/1999.

**Launanevnd sveitarfélaga
f.h. Árborgar**

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

Félagi íslenskra leikskólakennara

(Gestur Jónsson hrl.)

Fjölðaupsagnir.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. október sl., er höfðað með stefnu þingfestri 17. ágúst 1999.

Málið dæma Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediksdóttir, Arngrímur Ísberg, Gísli Gíslason og Guðni Á. Haraldsson.

Stefnandi er Launanevnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11, Reykjavík f.h. Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.

Stefndi er Félag íslenskra leikskólakennara, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að uppsagnir Ást-hildar Bjarnadóttur, Dagnýjar Bjarkar Ólafsdóttur, Guðrúnar Sigurðardóttur, Hrafnhildar Karlsdóttur, Ingibjargar S. Guðmundsdóttur, Ingibjargar Hörpu Sævarsdóttur, Kristínar Bjarnadóttur, Kristínar Ólafsdóttur, Krístrúnar Hafliðadóttur, Margrétar Gísladóttur, Margrétar Jónu Ólafsdóttur og Valgerðar Vilbergsdóttur úr störfum leikskólakennara hjá Árborg verði dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögæt vinnustöðvun.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannspjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Þess er krafist að við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns.

Hinn 13. september sl. var kveðinn upp úrskurður í máli þessu þar sem frávísunarkröfu stefnda var hafnað.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að ofangreindir einstaklingar, sem starfað hafa hjá Árborg á fjórum leikskólum, Árbæ, Álheimum, Ásheimum og Gladhheimum, sögðu allir upp störfum sínum fyrir mánaðamótin júní/júlí 1999 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Verða starfslok þeirra þann 30. september 1999. Í öllum uppsagnarbréfunum er tekið fram að ástæða uppsagnar sé óánægja vegna launamála. Eru þetta allt starfandi leikskólakennarar Árborgar og félagsmenn í Félagi íslenskra leikskólakennara. Kveður stefnandi Krístrúnu Hafliðadóttur, sem starfi á leikskólanum Árbæ, jafnframt vera trúnaðarmann félagsins.

Ofangreindir félagsmenn stefnda hafa um nokkurra mánaða skeið óskað eftir launaleiðréttingum hjá Árborg, en í gildi er kjarasamningur milli launaneftdar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga sem hún hefur samningsumboð fyrir og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags íslenskra leikskólakennara hins vegar sem undirritaður var 20. september 1997. Gildir kjarasamningurinn til 31. desember 2000. Samningurinn var samþykktur af Félagi íslenskra leikskólakennara.

Leikskólakennarar óskuðu eftir leiðréttingum á kjörum sínum með sameiginlegu bréfi, dags. 11. mars 1999, og var bréfið undirritað bæði af leikskólastjórum og leikskólakennurum.

Stefnandi kveður breytingar hafa verið gerðar á kjörum leikskólastjóra í samræmi við ákvæði kjarasamningsins þar um og hafi skólastjórnir ekki sagt upp störfum sínum. Allir aðrir leikskólakennarar hjá Árborg hafi nú sagt upp störfum sínum. Þetta séu því fjöldaupsagnir. Þar sem í gildi sé kjarasamningur með aðilum séu fjöldaupsagnir félagsmanna stefndu brot á friðarskyldu sem jafna megi til ólögmatraa verkfallsaðgerða.

Stefndi leggur áherslu á að stefndi, Félag íslenskra leikskólakennara, hafi engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp störfum. Viðræður þeirra við vinnuveitanda sinn um það sem kallað sé „launaleiðrétting“ í stefnu hafi ekki verið á vegum félagsins heldur á vegum starfsmanna sjálfra. Stjórn og starfsmönnum hafi ekki verið kunnugt um uppsagnirnar fyrir fram og muni fyrst hafa frétt af uppsögnunum í útvarpsfréttum. Á vegum Félags íslenskra leikskólakennara hafi engar ákvarðanir verið teknar sem

tengist óánægju leikskólakennara hjá Árborg með ráðningarkjör sín.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður máli þessu stefnt fyrir Félagsdóm á grundvelli 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Árborg hafi falið launanefnd sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar. Þar sem viðkomandi stéttarfélag fari með aðild máls fyrir Félagsdómi skv. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 sé Félagi íslenskra leikskólakennara stefnt, en leikskólakennararnir sem sagt hafi upp störfum séu allir félagsmenn þess félags. Það sé hlutverk Félagsdóms að dæma um lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana. Án tillits til þess hvort Félag íslenskra leikskólakennara hafi sjálft komið að málinu eða ekki, sé stefnanda mikilvægt að fá úr því leyst, hvort fjöldauppsagnir leikskólakennara hjá Árborg, sem að framan sé lýst, séu heimilar. Vísar stefnandi hér til dóms Félagsdóms í máli nr. 14/1992 milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands og Hrd. 1993:8 í máli Sjúkraliðafélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Fjöldauppsagnir.

Augljóst sé að uppsagnir leikskólakennara hjá Árborg séu skipulagðar fjöldauppsagnir, samantekin ráð, til að knýja fram kjarabætur:

1. Allir þeir einstaklingar sem sagt hafi upp störfum nú hafi skrifað undir bréf til Árborgar þann 11. mars 1999 þar sem óskað sé eftir leiðréttingu á launakjörum og séu þeir því aðilar að sameiginlegri kröfugerð um kjarabætur.

2. Uppsagnarbréfin gefi það til kynna að um samantekin ráð sé að ræða. Þótt þau séu ýmist handskrifuð eða vélrituð komi sömu efnisþættir fram í þeim öllum og sum þeirra séu orðrétt eins. Dagsetningar uppsagna og lokastarfsdaga séu allar þær sömu og í öllum bréfunum komi fram að orsakir uppsagna séu óánægja með kjör.

3. Allir leikskólakennarar sveitarfélagsins utan tveir hafi sagt upp störfum sínum.

4. Leikskólakennarar hafi sjálfir lýst því yfir að þeir séu í sameiginlegum samningaviðræðum við Árborg og hafi gripið til þess ráðs að segja upp þar sem þeir hafi ekki fengið viðræðufundi með viðsemjendum sínum.

Brot á friðarskyldu.

Fjöldauppsagnir félagsmanna stefnda sé aðgerð sem jafna megi til vinnustöðvunar. Þar sem í gildi sé kjarasamningur milli aðila sé aðgerðin brot á friðarskyldu og því ólögmæt.

Um þetta vísist til 19. gr. laga nr. 80/1938, þar sem vinnustöðvanir séu skilgreindar. Þar segi:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkþönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“

Þetta ákvæði hafi komið inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur með lagabreytingu 1996, lög nr. 75/1996. Af frumvarpi og lestri nefndarálits sé ljóst að með orðunum „öðrum sambærilegum aðgerðum af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar“ sé meðal annars átt við fjöldauppsagnir. Í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 75/1996 hafi verið gert ráð fyrir svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu vinnustöðvun í 5. gr. frumvarpsins.

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkþönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“

Meirihluti félagsmálanefndar hafi lagt til þá orðalagsbreytingu á greininni sem síðar hafi orðið að lögum. Í nefndaráliti meirihlutans segi svo: „Lögð er til sú breyting á 5. gr. frumvarpsins að felld verði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Hér er þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum verði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda geta slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“

Þótt skilgreininguna á vinnustöðvun sé að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, en ekki í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, verði að líta svo á að þær meginreglur í starfsemi stéttarfélaga sem dregnar séu upp í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar með talið skilgreining á hugtakinu vinnustöðvun, eigi enn fremur við um opinbera starfsmenn. Hér sé sett fram grunnregla um það hvað felist í hugtakinu vinnustöðv-

un. Um þetta megi vísa til dóms Félagsdóms frá 27. nóvember 1998 í máli Stéttarfélags verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, en þar hafi grunnreglur laga um stéttarfélög og vinnudeilur verið lagðar til grundvallar réttarstöðu manna sem féllu undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Enn fremur sé vísað í dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 12. nóvember 1981 í málinu nr. 1786/1981: Læknabjónustan sf. gegn heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í niðurstöðu dómsins sé fjallað um fjöldauppsagnir sjúkrahúslækna sem ekki vildu una dómi Kjaradóms. Þar segi dómari uppsagnirnar hafa verið brot á friðarskyldu þeirra á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæta aðgerð.

Í Danmörku hafi fjöldauppsagnir verið dæmdar brot á friðarskyldu og vísist m.a. um það í dóm í Faglig Voldgift frá 4. júlí 1995 í málinu Amtsraadsforeningen i Danmark for Aarhus Amt mod Dansk Sygeplejersaad for egne vegne og for et antal medlemmer af forbundet.

Stefnanda sé nauðsynlegt að fá úr því skorið sem fyrst hvort félagsmenn stefnda hafi hér gerst brotlegir svo Árborg megi bregðast við því ástandi sem skapast hafi. Uppsagnir allra leikskólakennara í einu sveitarfélagi hafi í för með sér verulega röskun á starfsemi skólanna og hafi enn fremur víðtækar keðjuverkanir sem nauðsynlegt sé að bregðast við sem fyrst.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ekki sé heimilt að skýra 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 með þeim hætti sem gert sé í stefnu. Ákvæðið beri að skýra þannig að það taki einvörðungu til sóknaraðildar máls en ekki varnaraðildarinnar. Þetta sjáist þegar saga lagaákvæðisins sé skoðuð. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi BSRB rekið eigin mál fyrir Félagsdómi sem og mál fyrir félög innan sambandsins og starfsmenn sem hlut áttu að máli. Að öðru leyti skyldi farið eftir ákvæðum laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi. Lög nr. 94/1986 hafi leyst lög nr. 29/1976 af hólmi og 27. gr. yngri laganna hafi komið í stað 35. gr. eldri laganna. Í greinargerð með 27. gr. lagafrumvarpsins komi fram að lagt sé til það nýmæli að stéttarfélög skuli sjálf vera aðilar mála en ekki heildar-

samtök stéttarfélaga fyrir þeirra hönd. Þá sé nýmæli varðandi hæfi dómara í Félagsdómi. Hvergi sé vikið að því að með 4. mgr. 27. gr. sé ætlunin að opna heimild til þess að stefna stéttarfélögum vegna meintra ólögmetra athafna einstakra félagsmanna þeirra. Slík regla færi þvert gegn meginreglum réttarfars og því verði að gera kröfu um ótvíræða lagaheimild fyrir slíkri málsókn. Af þessu leiði að sýkna beri stefnda vegna aðildarskorts.

Viðurkenningarkrafan í málinu sé vegna ákvarðana tiltekins hóps einstaklinga sem Félag íslenskra leikskólakennara hafi engan þátt átt í. Kröfunni sé beint að einstaklingunum. Félag íslenskra leikskólakennara sé ekki í neinni deilu við sveitarfélagið Árborg og hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins. Af þessu leiði að sýkna beri sökum aðildarskorts.

Telji Félagsdómur stefnda vera réttan varnaraðila, þá er því mótmælt að uppsagnir einstaklinganna, sem um ræði, hafi verið ólögmetar. Stefnandi viðurkenni í stefnu að starfsmennirnir hafi hver fyrir sig getað sagt upp ráðningu sinni. Málsástæður hans byggist eingöngu á því að af ástæðum sem tilgreindar séu í stefnunni séu uppsagnirnar samantekin ráð, hópuppsagnir, sem jafna megi við vinnustöðvun og því séu þær brot gegn friðarskyldu. Þessari málsútlitun er mótmælt. Friðarskyldan hvíli á aðilum kjarasamningsins en ekki einstaklingunum sem geri ráðningarsamninga á grundvelli hans. Friðarskyldan nái til vinnustöðvana er hafi það að markmiði að knýja fram breytingar á gildandi kjarasamningi en nái ekki til óska einstaklinga um bætt ráðningarkjör. Forsendur um brot gegn friðarskyldu séu því ekki fyrir hendi.

Því er sjálfstætt mótmælt að uppsögnum leikskólakennaranna megi jafna til vinnustöðvunar eins og stefnandi haldi fram. Í fyrsta lagi hafi stéttarfélagið engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp ráðningarsamningum sínum. Í öðru lagi hafi stéttarfélagið engar kröfur gert á hendur stefnanda um breytingar á gildandi kjarasamningi. Í þriðja lagi sé það ekki vinnustöðvun þótt hluti leikskólakennara, sem starfi hjá sveitarfélagi, hætti störfum með samningsbundnum fyrirvara vegna óánægju með ráðningarkjör sín. Öfugt við það sem væri í verkfalli hafi vinnuveitandinn allar heimildir til þess að ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem kjósi að hætta. Á það skuli bent að á tímum launaskriðs og þenslu í þjóðfélaginu séu það almenn sannindi að launþegar eigi fleiri kostna völ

og því algengt að þeir segi upp störfum sínum vegna óánægju með launakjör.

Í stefnu sé vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 14/1992 sem forðæmis fyrir því að stéttarfélagi sé stefnt. Virðist stefnandi telja málin hliðstæð. Það sé ekki rétt. Í tilgreindu máli hafi stéttarfélagið verið dæmt vegna þess að Félagsdómur hafi talið sannað að félagið sjálft hefði haft veruleg afskipti af þeim aðgerðum sem málið var spröttið af. Auk þess hafi verið talið sannað að tilgangur þeirra aðgerða sem fjallað hafi verið um í málinu hafi verið að knýja viðsemjendur Sjúkraliðafélagsins til að ganga frá kjarasamningi. Engum forsendum af þessu tagi sé til að dreifa í þessu máli og því reyndar ekki haldið fram af stefnanda.

Stefndi mótmælir sérstaklega málskostnaðarkröfu stefnanda.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Eftir að mál þetta var dómtekið hafa umræddir félagsmenn stefnda, að einum undanskildum, er sagt höfðu upp starfi sínu, ráðið sig að nýju til starfa hjá Árborg. Kemur þá til skoðunar hvort stefnandi hafi enn lögvarða hagsmuni af því að fá dóm í máli þessu. Með vísan til athugasemda við 2. tl. 1. mgr. 26. gr. í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og með hliðsjón af dómi Félagsdóms frá 15. desember 1992 svo og dómi Hæstaréttar Íslands frá 7. janúar 1993, sem staðfesti þann dóm, verður að telja að stefnandi eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningsefninu skorið.

Málssókn stefnanda er beint að stefnda sem stéttarfélagi þeirra einstaklinga er sögðu upp störfum sínum. Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986 reka stéttarfélög mál félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi. Ákvæðið verður skilið svo að það taki bæði til þess að stéttarfélag höfði mál fyrir hönd félagsmanna sinna og haldi uppi vörnum fyrir hönd þeirra. Telja verður því að stefnanda hafi verið heimilt að beina málssókn sinni að stefnda í máli þessu.

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á því að uppsagnir umræddra félagsmanna stefnda séu brot á friðarskyldu. Í friðarskyldu felst að aðilum kjarasamnings er á samningstímabili óheimilt að standa að vinnustöðvunum til þess að knýja á um breytingar á

ákvæðum kjarasamnings. Þeir einstaklingar er um ræðir í máli þessu eru ekki aðilar kjarasamnings heldur stéttarfélag þeirra. Uppsagnir einstakra félagsmanna á ráðningarsamningum einar og sér geta því ekki talist brot á friðarskyldu.

Ekkert er fram komið sem bendir til þess að stefndi sem stéttarfélag hafi staðið að þeim uppsögnum er um ræðir, enda ekki byggt á því af hálfu stefnanda í málinu. Þar sem uppsagnir einstaklinga á samningstímabili eru ekki samningsrof í skilningi 13. gr. laga nr. 94/1986 verður ábyrgð ekki felld á stefnda á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 4. gr. laga nr. 75/1996 sem breyttu l. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“

Engin sambærileg breyting hefur verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opnberra starfsmanna.

Þrátt fyrir að gögn málsins beri með sér að um fjöldaupsagnir hafi verið að ræða hjá leikskólakennurum í Árborg verður þeim uppsögnum, án skýrra lagaákvæða, ekki jafnað til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvunar og brots á friðarskyldu.

Með vísan til þess sem að framan greinir ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Félag íslenskra leikskólakennara, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Launaneftndar sveitarfélaga f.h. Árborgar.

Málskostnaður fellur niður.